



Kynbótanefnd

Í kynbótanefnd árspings störfuðu eftirtaldir aðilar:

Mættir: Kristinn Hugason formaður, Andvara, Haukur Bjarnason, Faxe, Þorbjörn Hreinn Matthíasson, Létti, Svavar Ólafsson, Geysi, Rúnar Björn Guðmundsson, Logi, Guðbrandur Magnússon, Kóp, Guðmundur Jónsson, Fáki, Björn Ólafsson, Adam, Guðjón Árnason, Andvari, Garðar Sigursteinsson, Fákur, Sigurður Guðmundsson, Herði, Janus Eiríksson, Ljúf, Kolbeinn Magnússon, Faxe, Birna Tryggvadóttir, Faxe, Guðmundur Guðmundsson, Geysi, Vignir Siggeirsson, Geysi, Helgi Jón Harðarson, Sörli, Davíð Sigmarsson, Sleipnir, Sigurður Örn Ágústsson, Neista, Guðlaugur V. Antonsson, Faxe ritaði niðurstöðu nefndarinnar.

Aðeins hafði tveimur tillögum verið vísað til nefndarinnar en margvíslegar aðrar góðar umræður urðu um ræktunarmál.

Þingskjal nr. 7

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, skorar á stjórn LH að hún láti hefja vinnu við að útbúa kerfi/próf þar sem hægt er að meta m.a., gangupplag, vilja, geðslag og sjónhræðslu og skipta þeim í flokka. Einnig verði þróað kerfi til að meta hæfni knapa þannig að auðvelda meg þeim sem eru að byrja í hestamennsku að finna sér hest við hæfi.

Greinargerð:

Svona kerfi, ef hægt er að koma því á, er mikið öryggisatriði fyrir þá sem eru að leita sér að hesti til kaups eða eru að byrja í hestamennsku og skiptir því miklu máli í útbreiðslu- og kynningarstarfi hestaíþróttarinnar.

Afgreiðsla kynbótanefndar:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, skorar á stjórn LH að hún láti hefja vinnu við að útbúa matskerfi þar sem þeir sem hyggjast selja hesta á almennum markaði geti fengið mat á eðli þeirra og tamningarstigi.

Einnig mælir nefndin með að komið verði á reiðnámskeiðum í auknum mæli fyrir fullorðna þar sem markmiðið sé að meta stöðu knapa með tilliti til mismunandi hestgerða.



Þingskjal nr. 26

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur

Lagt fyrir:

Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir þeim tilmælum til Fagráðs í hrossarækt að fjölga kynbótasýningum.

Þetta er hægt að gera bæði með því að fjölga sýningarstöðum og líka að bjóða upp á fjölbreyttari tímasetningar t.d með miðsumarssýningum.

Greinargerð:

Mikilvægt er að bjóða hrossaræktendum og tamningamönnum upp á að geta haft sem stysta vegalengd á sýningarstað og fleiri sýningartíma þannig að tími og kostnaður hrossaræktenda/eiganda nýtist sem best.

Afgreiðsla nefndarinnar:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir þeim tilmælum til Fagráðs í hrossarækt að við niðurröðun kynbótasýninga sé tekið tillit til að sem styðst sé fyrir sem flesta áætlaða sýnendur á sýningarstað.

Ef óskir koma fram um miðsumarssýningar þá verði þeim sinnt eftir föngum.

Greinargerð:

Mikilvægt er að bjóða hrossaræktendum og tamningamönnum upp á að geta haft sem stysta vegalengd á sýningarstað og fleiri sýningartíma þannig að tími og kostnaður hrossaræktenda/eiganda nýtist sem best.